

Byggingarfulltrúinn í Búðardal

From: Eva Sigurbjörnsdóttir <arneshreppur@arneshreppur.is>
Sent: 15. október 2017 10:43
To: Byggingarfulltrúinn í Búðardal
Subject: Fwd: Virkjanir

Sæll Bogi.

Hérna sendi ég þér tölvupóst sem ég fékk í morgun. Ég veit ekki hvort telja á þetta sem insenda athugasemd við aðalskipulag eða deiliskipulagsbr. í Árneshreppi. En ég sá alla vega að hann var ekki sendur til þín líka, svo að ég ákvað að áframsenda þér hann. Við þurfum sennilega að fara mjög vel yfir það hvað þetta eru margar athugasemdir, það gæti auðveldlega orðið einhver ruglingur í þessu máli, þar sem eitthvað var sent hingað til mín. En ég hef reynt að áframsenda þér jafnóðum það sem mér hefur borist.

Með bestu kveðju,

Eva S.oddviti.



----- Forwarded Message -----

Subject:Virkanir

Date:Sun, 15 Oct 2017 15:46:52 +0700

From:Niels Nielsen <nielsn1952@gmail.com>

To:arneshreppur@arneshreppur.is <arneshreppur@arneshreppur.is>

Eftir hartnær 40 ára búsetu í Danmörku hef ég stundum velt því fyrir mér, af hverju menn á Íslandi hafi ekki nýtt sér þekkingu Dana á vindrafstöðvum. Í Danmörku eru svona rafstöðvar hér út um allt og stundum er það bara heillandi að að horfa á þessi mannvirki snúast og snúast og framleiða fullt af orku, án þess að spilla umhverfinu að neinu ráði. Eins er það fljótlegt og ekki svo dýrt að búa til þessi mannvirki, og svo er hægt að fjarlægja þau ef menn þurfa ekki lengur á þeim að halda.

Því tel ég að menn í Árneshreppi ættu að athuga þennan möguleika og tala við Danina, og athuga hvort þeir vilji ekki hjálpa til með að reisa svona vindrafstöðvar? Ef ef til vill mundu þeir vilja reisa slíkar stövar sem tilraunaverkefni og þar með hjálpa upp á vandamálið á fljótan og vistvænan hátt.

Bestu kveðjur

Niels Nielsen
Danmörku

Sendt fra [Mail](#) til Windows 10